

# Djúpgámar



## Hvað er djúpgámur?

Djúpgámar eru nýjung á Íslandi en hafa verið í notkun erlendis nokkur síðustu ár og hafa vinsældir þeirra aukist með hverju ári. Terra umhverfisþjónusta flytur inn og selur þessa tegund gáma sem við áætluð að ávinni sér vinsældir hér sem annars staðar.

### Framúrskarandi hönnun

Framúrskarandi hönnun á stóran þátt í vinsældum þessara gáma. Aðeins efri hluti gámsins stendur upp úr jörðinni og fer vel nánast í hvaða umhverfi sem er. Stærsti hluti gámsins er falinn neðanjarðar og sparast því mikið rými. Hægt er að fá gáminn með mismunandi klæðningum og fella hann þannig enn betur að umhverfi sínu.

### Helstu kostir

- Stærsti hluti gámsins er neðanjarðar
- Minna viðhald
- Aukið rúmtak - færri losanir
- Færri losanir - minni kostnaður
- Tæmdur niður, minni óþrif
- Sterkir og endingargóðir
- Nokkrar stærðir: 1,2m<sup>3</sup> - 3m<sup>3</sup> og 5m<sup>3</sup>
- Þéttir og þola vel íslenskt veðurfar
- Auðveldir í notkun

### Frábær lausn

Djúpgámar eru upplagðir á fjölfarna staði, t.d. við torg, í almenningsgarða, við ferðamannastaði og við hvíldarstaði meðfram þjóðvegum.

Einnig góð lausn fyrir fjölbýlishús þar sem þarf að hafa ílát utandyra.

